

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2002/EES/03/10

frá 8. júlí 1999

## um breytingu á ákvörðun 96/233/EB um skrá yfir viðurkenndar fiskeldisstöðvar í Danmörku(\*)

(tilkynnt með númeri C(1999) 2036)

(1999/512/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/67/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og -afurða <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 98/45/EB <sup>(2)</sup>, einkum 2. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/74/EB <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 96/218/EB <sup>(4)</sup>, öðlaðist Danmörk stöðu viðurkennds svæðis fyrir allt yfirráðasvæði sitt með tilliti til smitandi blóðmyndandi frumudauða (IHN).
- 2) Aðildarríkin geta öðlast stöðu viðurkenndrar eldisstöðvar, sem er laus við veirublóðeitrun (VHS), fyrir fiskeldisstöðvar á svæðum sem ekki eru viðurkennd með tilliti til veirublóðeitrunar (VHS).
- 3) Skránni yfir viðurkenndar fiskeldisstöðvar í Danmörku var komið á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/233/EB <sup>(5)</sup>, eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 97/234/EB <sup>(6)</sup>.
- 4) Danmörk lagði fyrir framkvæmdastjórnina vitnisburð því til stuðnings að öðlast stöðu viðurkenndrar eldisstöðvar fyrir aðrar fiskeldisstöðvar á svæðum sem ekki eru viðurkennd með tilliti til veirublóðeitrunar ásamt innlendum ákvæðum sem tryggja að farið sé að reglum um viðhald samþykkis.
- 5) Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin hafa kannað vitnisburðinn sem Danmörk lagði fram viðvíkjandi þessum eldisstöðvum.

- 6) Könnunin hefur leitt í ljós að viðkomandi eldisstöðvar standast kröfur 6. gr. tilskipunar 91/67/EBE.
- 7) Veita ber þessum eldisstöðvum stöðu viðurkenndrar eldisstöðvar á svæði sem ekki er viðurkennt.
- 8) Eldisstöðvum þessum ber að bæta á skrána yfir viðurkenndar eldisstöðvar.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukinn við þessa ákvörðun kemur í stað viðaukans við ákvörðun 96/233/EB.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 8. júlí 1999.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Franz FISCHLER

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 195, 28.7.1999, bls. 37, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/2001 frá 30. mars 2001 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 30, 14.6.2001, bls. 13.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 46, 19.2.1991, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 189, 3.7.1998, bls. 12.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 27, 4.2.1993, bls. 35.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 72, 21.3.1996, bls. 39.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 77, 27.3.1996, bls. 33.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 94, 9.4.1997, bls. 15.

## VIÐAUKI

## FISKELDISSTÖÐVAR Í DANMÖRKU SEM ERU VIDURKENNDAR MEÐ TILLITI TIL VEIRUBLÓÐEITRUNAR

1. Værum Mølle Dambrug  
DK - 8900 Randers
  2. Trehøje Klækkeri  
DK - 8766 Nr. Snede
  3. Hallesøhus Dambrug  
DK - 8766 Nr. Snede
  4. Lovet Dambrug  
DK - 8654 Bryrup
  5. Hallesø Dambrug  
DK - 8766 Nr. Snede
  6. Sillerupvæld Dambrug  
DK - 7470 Karup
  7. Skade Dambrug  
DK - 8765 Klovsborg
  8. Vork Dambrug  
DK - 6040 Egtved
  9. Egebæk Dambrug  
DK - 6880 Tarm
  10. Søstremosegaard  
DK - 4400 Kalundborg
  11. Bækkelund Dambrug  
DK - 6950 Ringkøbing
  12. Kjeldbæk Fiskeri  
DK - 7441 Bording
  13. Sangild Dambrug  
DK - 7470 Karup
  14. Lysbro Dambrug  
DK - 8600 Silkeborg
  15. Borups Geddeopdræt  
DK - 6950 Ringkøbing
  16. Bornholms Lakseklækkeri  
DK - 3730 Nexø
  17. Langes Dambrug  
DK - 6940 Lem St.
-